



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

■ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

④ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. júlí 2007
Tilvísun: UST20070600084/bs

Hringvegur um Hrútafjörð, Brú - Staðarskáli. Vegtenging milli Djúpvegar og Hringvegar

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 12. júní 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Hér er um 1,8 km vegtengingu að ræða frá Djúpvegi nokkru sunnan Markhöfða að fyrirhugðum Hringvegi við st. 6450.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar séu annars vegar áhrif á sjávarfitjar og hins vegar sjónræn áhrif hárra vegfyllinga á flatlendi.

Sjávarfitjar: Fyrirhugaður vegur verður lagður að mestu á mörkum ræktaðs lands og svæðis sem nýtt hefur verið til beitar. Á um 400 m kafla liggur vegurinn þó um svæði sem telst vera sjávarfitjar, en þær eru hluti þeirra vistkerfa og jarðmyndana sem njóta sérstakrar verndar sbr. lið e. í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Leitað var eftir frekari upplýsingum um fitjagróður á fyrirhugaðri veglínu hjá Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í svari stofnunarinnar kom m.a. fram að sjávarfitjar í Hrútafirði væru frekar tegundasauðar og að selta hafi mikil áhrif á góðurfar sjávarfitja.

Vegagerðin mun leitast við að draga úr áhrifum vegarins á vatnsstreymi um fitjarnar með því að koma fyrir ræsum í öllum vatnsfarvegum skv. tilkynningarskýrslu. Þrátt fyrir það er talið að land gæti þornað upp við veginn og þar með haft áhrif á gróðurfar næst veginum.


Umhverfisstofnun vill beina þeim óskum til Vegagerðarinnar að gerð verði könnun á áhrifum vegagerðar í Hrútafirði á gróðurfar sjávarfitja. Könnuð yrðu áhrif vegna þurrkunar lands og hvort mótvægisáðgerðir sem tryggja eiga að sjór falli um sjávarfitjar hafi tilætluð áhrif.


Sjónræn áhrif: Í kynningarskýrslu kemur fram að hæð fyrirhugaðs vegar verði 1,5 m yfir landi. Talið var að sjónræn áhrif slíks vegar gætu orðið all nokkur. Leitað var frekari upplýsinga hjá Vegagerðinni vegna þessa. Svar barst frá Vegagerðinni með tölvubréfi dags. 20. júní sl. en þar kemur fram m.a. að veghæð yfir landi verði 0,5-1,0 m nema aðrar ástæður, t.d. sjávarföll, krefjist annars.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð

UST

lagning vegtengingar milli Djúpvegar og Hringvegar í Hrútafiriði muni hafa umtalsverð
umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson


Helgi Jansson
Forstöðumaður

Afrit: Sigríður Hjaltadóttir